

REGLUGERÐ

um Orkuveitu Húsavíkur ohf.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Tilgangur og starfssvið.

Orkuveita Húsavíkur ohf., skammstafað OH, er opinbert hlutafélag í eigu Norðurþings.

Tilgangur Orkuveitu Húsavíkur er orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala varma og vatns, uppbygging og rekstur fráveitukerfa ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

OH er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Tilgangi félagsins og verkefnum skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum má breyta á lögmatum aðalfundi eða aukafundi samkvæmt almennum reglum. Samþykktir skal birta á heimasíðu félagsins.

OH er heimilt með samningum að veita og selja heitt vatn út fyrir lögsagnarumdæmi Norðurþings, enda hafi öðrum ekki verið veitt einkaleyfi til slíkrar sölu.

Reglugerð þessi tekur ekki til starfrækslu vatnsveitu en um þá starfsemi gildir reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga.

2. gr.

Stjórn.

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur er skipuð 3 mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir þrír varamenn sem taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi OH á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Stjórn OH fer með málefni fyrirtækisins og annast um að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn fyrirtækisins.

Stjórn OH annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Einungis stjórn OH getur veitt prókúruumboð.

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra hluthöfum frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
3. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Kjör stjórnar.
5. Kjör endurskoðanda.
6. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Rétt til setu á aðalfundi eiga bæjarstjóri, stjórn og framkvæmdastjóri OH og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins. Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfundi félagsins og sömuleiðis kjörnum fulltrúum eigenda, þ.e. bæjarstjórnarmönnum. Þessir aðilar hafa rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir. Heimilt er stjórn fyrirtækisins að bjóða öðrum að sitja aðalfund félagsins.

3. gr.

Framkvæmdastjóri.

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ræður framkvæmdastjóra sem veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal eiga sæti á stjórnarfundum.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfslíðs. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils

háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins í öllum málum er varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem þeir kunna að óska eftir eða veita ber samkvæmt lögum. Stjórn skal setja framkvæmdastjóra starfslýsingu.

4. gr.

Rekstur, reikningshald og ráðstöfun tekna.

Orkuveita Húsavíkur hefur sjálfstætt bókhald og framkvæmdastjóri sér um að það sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.

OH er rekin sem sjálfstætt fyrirtæki í eigu Norðurlands og er fjárhagur hennar aðskilinn frá fjárreiðum sveitarsjóðs með sérstökum ársreikningi.

Tekjum OH skal varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði hennar, viðhaldi og uppbyggingu.

Við það skal miðað að OH skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu. Ákvörðun um ráðstöfun arðsins skal tekin á aðalfundi.

Heimilt er að mynda framkvæmdasjóð, ef hentugt þykir, til undirbúnings kostnaðarsamra áfanga í uppbyggingu OH.

5. gr.

Veituvæði.

Orkuveita Húsavíkur hefur einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu á Húsavík, í Reykjahverfi, Aðaldal og Kinn.

OH er heimilt að selja vatn öðrum sveitarfélögum, sem sjálf annast dreifingu heits vatns.

OH er heimilt að starfrækja hitaveitur á öðrum svæðum og í öðrum sveitarfélögum.

OH ber skyldur Norðurlands til starfrækslu vatnsveitu í sveitarfélaginu.

OH ber skyldur Norðurlands til starfrækslu fráveitu í sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Gjaldskrá og innheimta – orkusala.

6. gr.

Gjaldskrá – sala orku.

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur setur gjaldskrá fyrir orkusölu til notenda. Í gjaldskrá skal kveðið á um verð fyrir heitt vatn, heimæðar fyrir heitt vatn, kalt vatn, þegar það er selt samkvæmt mæli, heimæðar fyrir kalt vatn, svo og öll önnur gjöld. Ennfremur um gjalddaga, eindaga, innheimtu gjalda og annað sem kemur gjaldtökunni við.

Gjaldskrá heits vatns, sem selt er á grundvelli 30. gr. orkulaga nr. 58/1967, öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004. Bæjarstjórn Norðurlands leggur á og sér um innheimtu vatnsgjalds.

Gjaldskrá fráveitu er ákveðin af bæjarstjórn Norðurlands, þ.m.t. heimæðagjald fráveitu. Bæjarstjórn sér um innheimtu skv. gjaldskrá.

Gjaldskrá sem hlotið hefur samþykki stjórnar OH skal send atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra til staðfestingar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Uppgjör orku, álestur, áætlun og reikningar.

Orkuveita Húsavíkur selur orku í samræmi við reglugerð þessa, tengiskilmála og gjaldskrár. Notendur skulu greiða orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

OH má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun viðskiptavinar og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun þar sem orkunotkuninni er jafnað niður á daga. Reikningar, sem

byggjast á sannreyndri orkunotkun, nefnast „uppgjörstreikningar“ en reikningar, sem byggjast á áætlun nefnast „áætlunarreikningar“.

Orkunotkun skal sannreyna u.þ.b. árlega. Þegar orkunotkun hefur verið sannreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra.

Leiði aukin orkunotkun af galla á búnaði orkukaupanda, er OH ekki skylt að lækka orku-reikning vegna þess.

Viðskiptavinur getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálesturs og uppgjörsmiða við sannreynnda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um notkun vegna nýrra forsendna.

Heimilt er að skipta reikningi vegna orkukaupa um einn mæli. Sé það gert bera orkukaupendur um þann mæli hver um sig ábyrgð in solidum á greiðslu hvers reiknings. Við vanskil á einum eða fleiri reikningum er heimilt að stöðva orkuafhendingu um hinn sameiginlega mæli. Bera viðkomandi viðskiptavinir allan aukakostnað sem hinni auknu þjónustu er samfara.

Orkureikninga skal senda út reglulega og, að jafnaði, eigi sjaldnar en á mánaðar fresti. Þeir skulu sendir notanda á notkunarstað eða á annan stað sem notandi tiltekur.

Viðskiptavinum er skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár og breytingum sem þar kunna að verða á.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunar- eða uppgjörstreikning, má OH áskilja sér og innheimta dráttarvexti frá og með gjalddaga reiknings til greiðsludags, auk kostnaðar sem af innheimtu kröfunnar hlýst.

8. gr.

Stöðvun orkuafhendingar.

Sé orkureikningur (uppgjörstreikningur eða áætlunarreikningur) ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, má OH stöðva orkuafhendingu til notanda, að undangenginni skriflegri tilkynningu, sem sendist notanda með minnst 5 virkra daga fyrirvara.

OH má stöðva afhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir. OH er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar enda séu ekki liðnar meira en þrjár vikur frá tilkynningu um hana. OH ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum af stöðvun orkuafhendingar.

Beri notandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra. OH ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila eða vanefnda hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við OH né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi á lokunartíma.

OH á rétt á að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar, framkvæmd lokunar og opnun veitunnar.

Verði lokað fyrir húsveitu vegna skulda, skal að jafnaði ekki opnað aftur, nema skuldin sé að fullu greidd eða trygging sett fyrir skilvísri greiðslu.

Enginn má tengja húsveitu, rjúfa tengingu húsveitu né endurtengja húsveitu nema þeir sem OH hefur veitt til þess umboð hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu má OH aftengja fyrirvaralaust.

III. KAFLI

Almenn ákvæði um tengingu húsveitna.

9. gr.

Eigandi/notandi húsveitu.

Húsveita er sjálfstæð veita sem tengd er við veitukerfi OH. Eigandi húsveitu, sem tengist veitukerfi OH, nefnist húseigandi. Kaupandi heits vatns, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

Skráður notandi ber ábyrgð á notkun um þau mælitæki húsveitu sem hann er skráður fyrir, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkun eða tilkynnt um flutning. Uppsögn eða flutning skal tilkynna með eðlilegum fyrirvara til OH, sem annast lokaálestur.

OH getur átt kröfu á hendur öðrum en skráðum notanda, færi fyrirtækið sönnur á að um mála-myndagering sé að ræða.

Ef húseigandi eða trúnaðarmaður hans verður þess var, að notendaskipti hafi orðið, án þess að þau hafi verið tilkynnt OH, ber honum að gera OH aðvart um það án tafar. Vanræki húseigandi þessa tilkynningarskyldu sína ber hann einfalda ábyrgð vegna ógreiddrar orkunotkunar þess aðila.

Heimilt er OH að neita aðilum um að skrá sig fyrir orkunotkun á sama stað, ef aðili þeim nákominn hefur verið skráður þar og vanskil eru vegna orkunotkunar. Skilgreining á orðinu nákominn er bundin við maka, foreldra og börn, en hvað varðar félög er skilgreiningin sú sama og í lögum um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

10. gr.

Húsveitur og heimæðar.

OH er heimilt að setja í tengiskilmála ákvæði um lagningu heimlagna og tengingu þeirra við húsveitur eigenda. Húsveita sem tengist veitukerfi OH skal fullnægja kröfum sem settar eru í reglugerðum og tengiskilmálum.

OH á og lætur leggja allar lagnir veitukerfisins að meðtöldum heimæðum, inn fyrir húsveggi, og mælitækjum og annast rekstur og viðhald þeirra. OH kostar lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir heimæðargjöld samkvæmt gjaldskrá. Húseigandi/notandi skal standa straum af kostnaði við breytingu á húsveitu vegna tengingar við OH. Húseigandi/notandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans. Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi OH.

Heimæð er heitavatslögn, sem liggur frá dreifikerfi OH að mælitæki í inntaksrými húsveitu. Heimæð ásamt tengigrind eru eign OH ef ekki er sérstaklega um annað samið og þótt tengigjald hafi verið greitt.

Umsókn um heimlögn eða breytingu á þeim skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess, með undirskrift sinni, að greiða tilskilin gjöld sem ákveðin eru í gjaldskrá OH og að hlíta settum reglum um kaup á orku frá OH. OH getur krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tæknipækkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um orkunotkun.

Viðskiptavinur skal gæta þess að ekki sé hætt á að vatn frjósi í tengigrind eða inntaki og viðskiptavinur skal tryggja nægjanlegt rennsli til þess eða gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru. Sé þess ekki kostur ber honum að tilkynna það OH eins fljótt og auðið er, svo unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana. Sér í lagi ber viðskiptavininum sem reka húsveitur þar sem ekki er dagleg viðvera að tryggja óhindrað rennsli heita vatnsins gegnum inntak, tengigrind og stjórnúnað húsveitnanna til varnar frosthættu.

Húseiganda ber að leggja, á minnst 50 sm dýpi, ídráttarrör frá lóðarmörkum að inntaksstað heimtaugar samkvæmt samþykkttri afstöðumynd. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk. Við ákvörðun heimtaugargjalds skal gera ráð fyrir að ídráttarrör sé fyrir hendi.

OH annast tengingu við húsveitu notanda. Við slíka framkvæmd skal OH halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal OH færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið. OH ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimæðargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

OH er heimilt að krefjast lágmarksgjalds (fastagjalds), sé lokað fyrir húsveitu um lengri eða skemmri tíma.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

11. gr.
Mælitæki.

Orkuveita Húsavíkur setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja án samþykkis OH en OH getur krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að mati verkstjóra.

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er sett við. Notandi mælitækis skal bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun þar til hann lætur af notkun veitunnar og tilkynnir OH um það.

Ef um sameiginlega orkunotkun er að ræða, t.d. hjá húsfélagi, má ekki breyta skráðum notanda nema allir sem að notkuninni standa samþykki það skriflega.

Hætti skráður notandi notkun skal hann tilkynna það til OH, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn skal loka því og eigi skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrr en nafn og kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

Húseigandi og orkunotandi eru samábyrgir fyrir tilkynningu til OH um notendaskipti. Vanræki þeir tilkynningarskyldu sína bera þeir báðir ábyrgð á ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

OH annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald og endurnýjun þess.

Notandi greiðir fastagjald skv. gjaldskrá OH á hverjum tíma. Fastagjald tekur til afnota mælitækja, reglubundinna álestra o.fl.

Óski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja +/- 5% eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

OH hefur heimild til þess að láta prófa mælitæki ef líkur benda til mæliskekkju.

Ef fram kemur við prófun, sem OH framkvæmir, að mælitæki hafi mælt 5% of lítið eða þaðan af minna er heimilt að krefja notanda um greiðslu þess, sem vanmælt var.

Hafi mælitæki mælt 5% of mikið eða þaðan af meira skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé.

OH getur ekki krafist viðbótargreiðslu, vegna mæliskekkju, fyrir lengra tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar viðurkenndra úrskurðaraðila og er hann bindandi fyrir báða aðila.

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á húsveitu eða tækjum notanda, er OH ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

Ef álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð hefur verið skakkur skal leiðrétta þessa skekkju undir eins og vitað er um hana.

Verði uppvíst að heitt vatn sé notað á annan hátt en um er samið eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að öll notkun komi ekki fram skal OH áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana, allt að þreföldu verði eftir gildandi gjaldskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni má við matið hafa hliðsjón af stærð á mæli þeim sem fyrir veitunni er.

Starfsmenn OH hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem magnmæla, bakrennslisloka, hemla, framhjálaup bakrennslis o.þ.h. Einnig mega starfsmenn OH innsigla hluta húsveitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn OH. Önnur innsigli OH mega faglega ábyrgir aðilar rjúfa að fengnu leyfi OH hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna OH skriflega um málsatvik.

Veiti notandi eða faglega ábyrgur aðili því athygli að innsigli sé rofið eða vanti er hann skyldur að tilkynna OH slíkt án tafar.

12. gr.

Eftirlit.

Starfsmenn OH eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á húsveitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:

til athugunar á öryggi þeirra, þ.m.t neyslutæki

til athugunar á bakrennslisgrindum, mælitækjum og því hvort öll notkun komi til mælis samkvæmt gjaldskrá

til álestrar á mælitæki

til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum OH.

Setja má í sérstakri reglugerð staðfestri af ráðherra sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

13. gr.

Misnotkun.

Verði settar óleyfilegar tengingar eða gerðar breytingar á húsveitu eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi húsveitu og tækja, skal farið með það sem galla á húsveitu og heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með húsveitunni hefur í för með sér. Framkvæmdastjóri getur látið taka húsveitu úr sambandi, meðan galli er á henni eða tækjum, sem við hana eru tengd, þar til bætt hefur verið úr.

Verði uppvíst að orka hafi verið notuð með öðrum hætti en um er samið, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal OH áætla þá orku sem notuð hefur verið í óleyfi og gera reikning fyrir þá orku í samræmi við verðskrá og skal notandi greiða fyrir það gjald eftir verðskrá þann tíma sem liðinn er frá síðasta aflestri. Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um sennilega notkun má miða við undangengna hámarksnotkun. Við endurtekningar skal rjúfa tengingar viðkomandi við veitukerfið.

14. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari eða skilmálum OH skal fara með að hætti opinberra mála. Brot á reglugerð þessari getur varðað bótaskyldu samkvæmt almennum reglum. Vanræki viðskiptavinur að gera úrbætur sem OH hefur mælt fyrir um, í samræmi við reglugerð þessa, getur OH látið framkvæma það sem þörf krefur, á kostnað viðskiptavinar.

IV. KAFLI

Tenging húsveitna við dreifikerfi hitaorku.

15. gr.

Umsóknir og áhleypping.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til OH á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa OH lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingarfulltrúa bæjarins þar sem fram kemur afstaða og grunnmynd inntaksrýmis. Staðsetning inntaks skal greinilega mörkuð á uppdrætti.

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði til OH með minnst fjögurra daga fyrirvara. Pípulagningameistari skal skila til OH, vottorði um úttekt byggingarfulltrúa á lagnakerfi hússins og sækja um áhleyppingu með minnst dags fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn OH mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Verði húsveita tengd veitukerfi OH í heimildarleysi, getur OH aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

OH er heimilt að leggja heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg húss. Í inntaksrými skal vera nauðsynlegt rúm fyrir bakrennslisgrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi, ljós og góð loftræsting og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum OH.

16. gr.

Teikningar.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar og byggingarskilmála. Þær skulu gerðar af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi, eða öðrum þeim sem hlotið hefur löggildingu til slíkra starfa, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þessar, sérteikningar OH, svo og aðrar þær reglur og lög sem í gildi eru á hverjum tíma.

17. gr.

Eftirlit.

Orkuveita Húsavíkur skal hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og aðra notkun sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur OH stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

18. gr.

Skuldbindingar húseiganda.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu OH.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til OH ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum þeirra.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar í eigu OH, sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

V. KAFLI

Skilmálar fyrir sölu á heitu vatni.

19. gr.

Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samningstíma um kaup á heitu vatni eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá Orkuveitu Húsavíkur.

20. gr.

Umsókn um tengingu.

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsvéitu við veitukerfi Orkuveitu Húsavíkur.

21. gr.

Hitaorkusala.

Orkuveita Húsavíkur selur hitaorku á orkuveitusvæði sínu, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um hitaorkulagnir og gjaldskrá á hverjum tíma.

OH getur krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi hitaorku sækji um það skriflega og geri nákvæma grein fyrir orkuþörf og til hverra nota hitaorkan sé ætluð.

Endursala til annarra á hitaorku, sem keypt er af OH, er óheimil án leyfis OH.

22. gr.

Rekstrartruflanir og takmörkuð bótaábyrgð.

Þurfi að takmarka notkun hitaorku um lengri eða skemmri tíma ákveður Orkuveita Húsavíkur hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

OH undanþiggur sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem leiða kann af rekstrartruflunum er rekja má til frosts, rafmagnstruflana, bilana eða takmarkana á orkuvinnslu, þrýstibreytinga heits vatns, stöðvun orkuafhendingar eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í hitaveituæð er stöðvað vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra aðgerða eða framkvæmda OH. Viðskiptavinir eiga ekki bótaábyrgð á hendur OH hafi rennsli verið stöðvað fyrirvaralaust. OH ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu afleiddu tjóni orkukaupanda eða húseiganda. OH tekur ekki ábyrgð á veitu viðskiptavinar með úttekt eða tengingum.

Ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein er bundin því að beint tjón orkukaupanda/húseiganda verði ekki rakið til mistaka starfsmanna OH.

23. gr.

Mæling.

Orkuveita Húsavíkur ákveður stærð og gerð mæla sem notaðir eru.

24. gr.

Sérstakir sölusamningar.

Orkuveitu Húsavíkur er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki stjórnar OH.

25. gr.

Bakrennsli.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegn um húsveitu má ekki vera heitara en 35 gráður á Celsíus.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign OH. Stjórn getur heimilað notkun þess með sérstökum reglum þar um s.s. til upphitunar í gróðurhúsum, heitum pottum og öðrum þeim stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum OH. OH getur afturkallað slík leyfi, að undanenginni tilkynningu.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið, nema að áður fengnu samþykki OH.

26. gr.

Upplýsingaskylda og ábyrgð.

Hitaorkunni er miðlað í formi heits vatns. OH skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og önnur tæknileg atriði, sé þess óskað.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni orkumiðilsins eru án ábyrgðar OH. Um breytingar sem stafa af öðrum ástæðum, skal OH tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Fjárnám.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og gjaldskrá settri skv. henni skulu hafa beint aðfararhæfi skv. 10. tl. l. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför sbr. 79. gr. laga nr. 58/1967.

28. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár OH og breytingum þeim, sem stjórn samþykkir og ráðherra staðfestir. Verði ágreiningur á milli framkvæmdastjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir orkunotkun, getur notandi skotið ágreiningnum til úrskurðar stjórnar.

29. gr.

Brot á reglugerð.

Brot á reglugerð þessari eða reglum, sem settar verða skv. henni varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum Orkuveitu Húsavíkur eða veldur henni tjóni á annan hátt skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem framkvæmdastjóri hefur mælt fyrir um samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er framkvæmdastjóra heimilt að láta loka hlutaðeigandi húsveitu.

30. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála. Orkuveita Húsavíkur getur auk þess höfðað skaðabóta- og innheimtumál skv. almennum reglum um meðferð einkamála.

31. gr.

Samþykki og staðfesting.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkuveitu Húsavíkur er hér með staðfest skv. lögum um Orkuveitu Húsavíkur nr. 13 frá 16. mars 2005, vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 647/1995 um Orkuveitu Húsavíkur. Gjaldskrár settar á grundvelli eldri reglugerða skulu halda gildi sínu þar til nýjar verða settar á grundvelli þessarar reglugerðar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. desember 2012.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.